



Umhverfismat Aðalskipulags Sandgerðisbæjar 2008-2024

Matslýsing

17. Febrúar 2009



VSÓ RÁÐGJÖF



1. INNGANGUR

Umhverfismat fyrir aðalskipulag Sandgerðisbæjar er fastur liður skipulagsvinnu. Mikil áhersla er lögð á að matsvinnan nýtist sem innlegg og hafi áhrif á gerð aðalskipulags. Fyrirliggjandi matslýsing hefur fyrst og fremst þann tilgang að kortleggja áframhaldandi matsvinnu og greina frá því hvernig sú vinna mun hafa áhrif á gerð nýs aðalskipulags Sandgerðisbæjar. Matslýsingin er kynnt samhliða fyrstu áfangaskýrslu í ferli aðalskipulagsgerðar.

1.1 Matsskylda

Aðalskipulag Sandgerðisbæjar er skipulagsáætlun sem er háð umhverfismati skv. 3 gr. laga nr. 105/2006 um umhverfimat áætlana þar sem áætlunin

- markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000
- er undirbúin og samþykkt af stjórnvaldi
- unnin skv. lögum.

1.2 Tilgangur umhverfismats

Tilgangur umhverfismats Aðalskipulags Sandgerðisbæjar er:

- Að tryggja að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við endurskoðun aðalskipulagsins, í því skyni að stuðla að umhverfisvernd og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum byggðapróunar.
- Að meta umhverfisáhrif mismunandi valkosta um byggðapróun og stuðla þannig að upplýstri og gegnsæri ákvarðanatöku við mótun aðalskipulagsins.

2. MATSVINNA

Stýrihópur skipulagsvinnu og skipulagsráðgjafar munu leggja mat á umhverfisáhrif skipulagsáætlunar. Við mat á vægi mun vinnuhópurinn leita til fagstofnana og hugsanlega sérfræðinga á sviði viðkomandi umhverfisþátta.

Aðferð

Sérfræðingar vinsa út og skilgreina áherslur umhverfismats. Vinsunin styðst við gátlista fyrir umhverfismat áætlana. Skipuleggjendur og matssérfræðingar skilgreina áhrif og viðbrögð í skipulagsvinnu.

Meðal annars byggir matið á eftirfarandi forsendum:

1. Hversu líklegt áhrif af áætlun eru og hversu varanleg þau eru, þ.e. hvort líklegt sé að áhrifin séu til langs eða skamms tíma.
2. Er líklegt að einstakir þættir áætlunar geti valdið sammögnunar áhrifum á umhverfisþætti. Um er að ræða að samanlögð áhrif einstakra þátta á umhverfið séu meiri eða önnur en þegar litið er til stakra áhrifa áætlunarinnar.
3. Hvort líklegt sé að áhrif áætlunar gæti yfir landamæri.
4. Hvort að áætlun kunni að hafa áhrif á heilbrigði fólks og umhverfið.
5. Hversu stórt eða umfangsmikið svæði kunni að verða fyrir áhrifum af áætlun og hversu margir kunni að verða fyrir áhrifum.
6. Gildi umhverfisþátta sem verða hugsanlega fyrir áhrifum. Gildi er metið m.t.t. stefnumótunar yfirvalda, laga og reglugerða, annarra áætlana og verndarsvæða.

Í matsvinnu verða veruleg neikvæð áhrif skilgreind ef eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum eiga við: Áhrif eru varanleg, skapa hættu fyrir heilbrigði fólks og umhverfið, ná til stórs svæðis og/eða fjölda fólks, gengur gegn stefnumiðum stjórnvalda, lögum og reglum, alþjóðlegum samningum eða öðrum áætlunum sem í gildi eru.

Háð umfangi umhverfisáhrifa mun vinnuhópurinn kanna hvort unnt sé að draga úr eða koma í veg fyrir áhrif með mótvægisáðgerðum eða að þörf sé á vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfisþátt.



Óvissa

Í tilvikum þar sem óvissa er um áhrif verður gerð grein fyrir óvissu og hvort að hún sé háð útfærslu á stefnu aðalskipulagsins á síðari stigum s.s. við gerð deiliskipulags eða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Innbyrðis samanburður markmiða

Samþætting markmiða og stefna í mismunandi málaflokkum er fastur liður skipulagsvinnu. Í umhverfisskýrslu verður gerð grein fyrir innbyrðis samræmi markmiða á tillögu að aðalskipulagi.

3. TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Áætlanir til athugunar	Tenging	Möguleg viðbrögð í Skipulagsvinnunni
Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020	Markmið um lífríki, númer: 7.1 fjölbreytileiki vistgerða Markmið um sjó og strandlengju. 14.2 um skaðleg efni Markmið um samfélag. 6.2 um náttúruvá Markmið um Auðlindir 13.1 meðhöndlun úrgangs, 17.1 fjölbreytni vistgerða/vistkerfa, 17.3 varúðarsjónarmið, 5.2 útivistargildi svæða	Verndargildi strandsvæða er ítrekað og mikilvægur liður skipulagsvinnu. Byggð skipulögð m.t.t. náttúruvá vegna flóða Liður skipulagsvinnu er að móta stefnu um auðlindir og landnotkun. Tekið verður tillit til stefnumörkunar ríkisins um sjálfbæra þróun.
Náttúruminjaskrá	Strandlengja og Ósabatnar eru á Náttúruminjaskrá.	Möguleg víkkun verndarsvæða , verndargildi þeirra ítrekað með stefnumótun og meiri ábyrgð færð til sveitarfélagsins með hverfisvernd.
Svæðisskipulag	Svæðisskipulag Suðurnesja liggur fyrir í ósamþykktu dragaformi. Skipulagið hefur því ekki gildi sem stefnumörkun á svæðinu	-Framvinda við vinnu svæðisskipulags verður höfð til hliðsjónar við gerð aðalskipulags
Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar	Afmörkun Skipulagssvæðis Landnotkun í nágrenni flugvallarins	Gera þarf breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar
Aðalskipulag Garðs	Í tengslum við undirbúnings nýs aðalskipulags er lögð áhersla á uppbyggingu á atvinnustarfsemi sem tengist starfsemi alþjóða flugvallarins. Afmörkun framtíðar vatnsverndarsvæðis.	Samræming og samráð um aðgerðir og uppbyggingu í aðliggjandi sveitarfélögum þarf að fara fram á stigi svæðisskipulagsvinnu. Samráð á milli sveitarfélaga um afmörkun vatnsverndarsvæðis og skilgreining vatnstökustaðs.
Aðalskipulag Reykjanesbæjar	Sveitarfélagið leggur ríka áherslu á uppbyggingu á atvinnustarfsemi sem tengist starfsemi alþjóða flugvallarins. Afmörkun framtíðar vatnsverndarsvæðis.	Samræming og samráð um aðgerðir og uppbyggingu í aðliggjandi sveitarfélögum þarf að fara fram á stigi svæðisskipulagsvinnu. Samráð á milli sveitarfélaga um afmörkun vatnsverndarsvæðis og skilgreining vatnstökustaðs.



Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Í umhverfisskýrslu skipulagstillögu verður jafnframt greint frá framkvæmdum á aðalskipulagstillögu sem eru eða kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum m.t.t. laga 106/2000. Þá verður einnig greint frá þeim umhverfisþáttum sem þarf að skoða vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Þær framkvæmdir sem verða til umfjöllunar í matsvinnunni eru:

- Urðunarsvæði
- Rafflínur, jarðstrengir, tengi/spennuvirki
- Vegarframkvæmdir
- Hafnarframkvæmdir
- Sjóvarnir/flóðavarnir
- Sæstrengur
- Fráveita
- Lestarsamgöngur
- Sjávarheimar - sædýrasafn
- Atvinnusvæði við Keflavíkurflugvöll og á Rockvillesvæði
- Iðnaðarsvæði sunnan við Keflavíkurflugvöll

4. ÁHERSLUR MATSVINNU

Í eftirfarandi köflum er gerð grein fyrir lykilmálum sem eru til athugunar í mats- og skipulagsvinnunni. Lauslega er greint frá þeim aðstæðum sem eru forsenda matsvinnu og þarf að fást við í skipulagsvinnu. Greint er frá mögulegum áhrifum á umhverfið sem þarf að fjalla um í matsvinnunni. Þá er greint frá hvernig tekist verður á við þessi mál í skipulagsvinnunni og greint frá þeim valkostum sem eru til skoðunar. Í lok hvers kafla er sett fram yfirlit yfir þau gögn og viðmið sem stuðst verður við.

4.1 Urðunarsvæði Stafnesi

Forsendur

Óvissa er um framtíðar landnotkun á svæði sunnan við Stafnes. Þar er til skoðunar hvort miða eigi að hverfisvernd og nýtingu svæðisins til ferðamennsku og útivistar eða nýta það til urðunar ösku frá sorpbrennslustöðinni Kólku. Í dag eru þar nokkrir úrgangshaugar í næsta nágrenni við Gálgaklett vestan við Ósaboðnaveg. Sunnan og norðan við urðunarsvæðið er náttúruverndarsvæði, Ósaboðnar og strandlengjan norðan við Stafnes. Með brotthvarfi bandaríska hersins hefur svæðið aftur komist í íslenska lögsögu, nýjar leiðir hafa opnast og ný tækifæri skapast á landnýtingu, s.s. náttúru- og sögutengdri ferðamennsku. Með brotthvarfi hersins opnast ný tengingin frá Ósaboðnavegi að Stafnesvegi. Þessi tenging býður upp á nýja leið með áhugaverðum áfangastöðum, eins og Stafnes, Hvalneskirkju, Þórshöfn, Básenda og fjölbreytt mannvistarlandslag. Gönguleið liggur meðfram ströndinni. Svæðið sem hefur opnast hefur meðal annars verið notað sem urðunarstaður fyrir sértækan úrgang og til viðbótar hefur verið litið til svæðisins sem framtíðar urðunarstað á ösku frá sorpbrennslustöðinni Kólku. Sorpbrennslustöðin Kalka hefur í tengslum við sína starfsemi látið vinna mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs urðunarsvæðis á Stafnesi. Niðurstaða þeirrar matsvinnu var að umhverfisáhrif eru ekki umtalsverð. Gögn í þeirri matsvinnu voru rýnd sérstaklega með tilliti til mengunar.

Matsvinna aðalskipulags Sandgerðisbæjar hefur leitt til þess að unnið er að heildarendurskoðun á nýtingu svæðisins. Nýjar forsendur hafa skapast með brotthvarfi bandaríkjahers og með opnun Ósaboðnaleiðar hefur aðgengi að svæðinu breyst. Líta þarf á svæðið í tengslum við umhverfi sitt sem bíður upp á nýja nýtingarmöguleika. Fyrrum urðunarstaður liggur nú í alfaraleið um svæði sem talið er hafa talsvert náttúrufarslegt og sögulegt gildi, þ.e. Stafnes og náttúruverndarsvæði sitt hvoru megin við.



Með rýni í gögnum um mögulega mengun frá urðunarsvæðinu hafa vaknað spurningar um það hvort slík starfsemi kann að hafa neikvæð áhrif á viðkvæmt lífríki strandarinnar og hvort líkur eru á að mengun berst á aðliggjandi verndarsvæði.

Möguleg áhrif

Haugar og fyrirhugað urðunarsvæði á Stafnesi eru staðsett á svæði með viðkvæmu landslagi. Landið er tiltölulega flatt, og því er líklegt að tilkoma hauga og urðunarsvæðis með tilheyrandi raski verði áberandi í landslaginu Gert er ráð fyrir að fylla í nokkurskonar rásir/lægðir í landslaginu. Til að koma í veg fyrir að vatn geti safnast fyrir á urðunarsvæðinu er gert ráð fyrir að það verði hærra en landslagið í kring. Einnig er gert ráð fyrir að sá grasfræjum í sár urðunarsvæðis. Við það yrðu grænar renndur áberandi í mjög gróðursnauðu landi en slíkt breytir ásýnd landslagsins töluvert. Gálgaklettur sker sig verulega úr landslaginu. Hann hefur sögulegt gildi og er viðkomustaður ferðamanna. Þaðan er mjög gott útsýni yfir ströndina, Ósabotna og til Reykjaness. Hann yrði umkringdur haugum og urðunarsvæði. Við það missir hann gildi sitt sem útsýnisstaður og sem hluti af stærri heild svæðisins. Rýni á fyrirliggjandi gögnum hefur sýnt að talsverð óvissa er um möguleg áhrif vatnsmengunar frá haugum og urðunarsvæði á lífríki strandarinnar. Óvíst er hvaða áhrif slík mengun hefði á svæði sem eru á náttúruminjaskrá beggja vegna við umrætt svæði.

Skipulags- og matsvinna

Farið verður yfir fyrirliggjandi gögn um urðunarsvæði á Stafnesi. Metið verður umhverfisáhrif vegna mismunandi nýtingu svæðisins til sorpurðunar og/eða ferðamennsku og útivistar. Skipulagsvinnan miðar að því að móta stefnu um landnotkun á svæðinu.

Fjallað verður um þann möguleika að tengja saman vernduð svæði með hverfisvernd og skapa góðar aðstæður fyrir ferðamennsku og útivist. Ferðamennska á grundvelli náttúruverndar, mannvistarlandslags og sögu.

Útbúið verður þemakorti með landslagsgreiningu. Framsetning í umhverfisskýrslu verður með korti og myndum.

Valkostir

- a) urðunarsvæði við Stafnes
- b) hverfisvernd og ferðamennska
- c) urðunarsvæði og ferðamennska, mögulega hverfisvernd utan urðunarsvæðis

Gögn og viðmið

- Matsskýrsla um mat á umhverfisáhrifum um förgun sorps á Suðunesjum, 2003
- Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020
- Náttúruminjaskrá, 7. útgáfa
- Náttúruverndaráætlun 2004 - 2008
- Fornleifaskrá sveitarfélagsins (í vinnslu)
- Skýrsla um flokkun strandsvæða (í vinnslu)
- Ljósmyndir
- Lög og reglugerðir



4.2 Byggð og aðkoma

Forsendur

Þéttbýli Sandgerðisbæjar einkennist meðal annars af nokkru stóru hlutfalli óbyggða svæða. Stór auð svæði í þéttbýlinu skapa ýmsa möguleika til uppbyggingu og þéttingar. Greining á staðháttum hefur leitt í ljós að Sandgerðisbæ skortir miðju eða nokkurs konar kjarna. Við gerð aðalskiplags er leitast við að skapa kjarna eða miðtorg bæjarlífs sem gefur byggðinni meiri heildarmynd.

Stefnan er að fjölga íbúum sveitarfélagsins og vilji er fyrir byggingu íbúða.

Núverandi aðkoma úr austri sundrar suðurbyggð frá bænum og beinir umferð um athafnasvæði. Skoðaðar hafa verið aðrar leiðir varðandi aðkomu að Sandgerðisbæ, með það fyrir augum að auka umferðaröryggi, beina umferð frá athafnasvæði bæjarins og slíta síður í sundur byggðina.

Möguleg áhrif

Ákvörðun um staðsetningu aðkomuvegar hefur áhrif á marga þætti og þarf að fjalla um í víðara samhengi. Aðkomuvegur þjónustar megin umferðarflæði inni bæinn. Uppbyggingu byggðar þarf að fjalla um með tilliti til þróun umferðar. Stofnvegur kann að hafa neikvæð áhrif á heildarmynd bæjarins sem og hætta er á að hann slíti í sundur bæjarhluta. Áhrif eru háð umfangi vegamannvirkja sem og tegund og magni umferðar. Samgöngumannvirki geta valdið truflun fyrir gangandi og hjólandi umferð. Sérstaklega þarf að hafa í huga umferð barna yfir aðkomuveg og að þeim stafi ekki hætta af þeirri umferð sem þar fer um. Einnig þarf að hafa í huga sjónræn áhrif mannvirkja við ákvörðun um staðsetningu aðkomuvegar og greina frá ásýnd byggðar af fyrirhugaðri aðkomu. Við ákvörðun um staðsetningu aðkomuvegar þarf að skoða hvaða áhrif hann mun hafa á hljóðvist og loftgæði fyrir þá íbúa sem búa í nágrenni hans.

Þétting bæjarins getur haft mikil áhrif á heildayfirbragð. Þegar stór auð svæði byggjast upp gefst tækifæri til þess að skapa aukna bæjarheild og tengja mismunandi svæði betur saman. Möguleiki skapast á að byggja upp þungamiðju sem tengir betur saman hluta bæjarins með mismunandi áherslum, þ.e. hafnarsvæði, athafnarsvæði, þjónustusvæði- og verslun og íbúðabyggð.

Aðkomuleiðin þarf að vera vel tengd við bæjarkjarnann en ekki liggja beint um hann.

Mikil uppbygging í jaðri byggðar er líkleg til að stuðla að því að byggðin verður dreifð en ekki samfeld.

Skipulags- og matsvinna

Fjalla nánar um forsendur fyrir að skapa kjarna/miðju bæjarins. Skilgreina leiðir til þess að bæta ef þörf þykir. Fjalla um möguleika og áhrif þéttingar.

Fjalla um heildayfirbragð bæjarins. Forgangsraða á hvaða svæðum eigi að byggja upp fyrst. Fjalla um áhrif á samfélagslega þætti. Skilgreina framtíðar ásýnd og yfirbragð bæjarins. Leitast við að skapa þungamiðju/kjarna bæjarins með þéttingu.

Skilgreina og fjalla um mismunandi lausnir varðandi aðkomu. Skoða hvaða áhrif mismunandi valkostir hafa á hljóðvist, loftgæði og öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.

Valkostir byggð

- þétting og styrking miðsvæðis
- uppbygging á jaðarsvæðum
- þétting og íbúðabyggð á jaðarsvæðum

Valkostir aðkoma

Mismunandi möguleikar eru til skoðunar í skipulagsvinnunni án þess að valkostir hafa verið skilgreind nákvæmlega.

Gögn og viðmið

Stefna sveitarfélagsins Sandgerðisbæjar í tillögu að aðalskipulagi.

Menningarstefna í mannvirkjagerð, stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist, útg. Apríl 2007

Þekking og reynsla heimamanna.

Lög og reglur.

4.3 Atvinna



Forsendur

Sveitarfélagið er að stefna að vexti byggðar og fjölgun íbúa. Heldur hefur dregið úr umsvifum á nokkrum sviðum atvinnulífsins og því er þörf á að endurskoða möguleika og skapa ný sóknarfæri fyrir atvinnulíf sveitarfélagsins. Á eftirfarandi sviðum er talið að sóknarfæri muni skapast á skipulagstímabilinu:

- Ferðaþjónusta.
- Flugsækin starfsemi í tengslum við flugvöllinn.
- Starfsemi sem tengist flutningum og starfsemi í höfnum, einnig höfnum í nágrenna sveitarfélögum.
- Starfsemi á grundvelli staðsetningar í nágrenni við alþjóða flugvöll.
- Starfsemi á sviði orkufrekri hátækni á grundvelli góðra tenginga og nálægðar við alþjóðaflugvöll og hagstæðu orkuverði.
- Háskóla- og rannsóknarstarfsemi og tengd þjónusta (Háskólasetur, Fræðasetur og Náttúrustofa), (sjávarheimar, safna- og fræðslugarður).

Möguleg áhrif

Nokkuð stór svæði við flugvöllinn hafa verið tekin frá undir flugsækna starfsemi. Því fylgir ákveðið landrask en svæðið hefur ekki sérstakt verndargildi. Huga þarf að ásýnd og heildarmynd svæðisins í tengslum við þá starfsemi sem þar er fyrirhuguð.

Möguleg eru neikvæð áhrif vegna athafnasvæða í þéttbýlinu. Áhrifin eru háð staðsetningu, eðli starfseminnar og umgengni.

Fyrst og fremst er skilgreining og sköpun möguleika á auknu og fjölbreyttu atvinnulífi líkleg til að hafa jákvæð samfélagsleg áhrif.

Skipulags- og matsvinna

Gæta þess að í þéttbýlinu verði tekið tillit til sjónrænna og annarra áhrifa sem kunna að vera neikvæð vegna staðsetningu, ásýndar og starfsemi atvinnusvæða. Skoða þarf í samhengi staðsetningu athafnasvæða í þéttbýli og staðsetningu aðkomuvegar. Hafa ber í huga þá tegund umferðar sem fer til og frá athafnarsvæðum í þéttbýli og hvort sú umferð er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á hljóðvist, loftgæði og öryggi annarra vegfarenda.

Valkostir

Ekki eru settir fram afmarkaðir valkostir til samanburðar. Fremur er umfjöllun um valkosti fólgin í skilgreiningu mismunandi möguleika á sviði atvinnu.

Gögn og viðmið

Skýrsla um nýtingu Rockville-svæðis, Admon, Janúar 2008

Skýrsla um atvinnumál í Sandgerðisbær, Janúar 2007

4.4 Iðnaðarsvæði

Forsendur

Sveitarfélagið leggur áherslu á að halda iðnaðarsvæði inni sem var á fyrra aðalskipulagi í suðurjaðri Keflavíkurflugvallar.

Möguleg áhrif

Áhrif iðnaðarsvæðis eru að mestu leiti háð tegund starfseminnar sem þar mun fara fram. Starfsemin kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Mikilvægt er að huga að útfærslu iðnaðarsvæðisins m.t.t. umhverfis-, náttúru- og ferðaþjónustusjónarmiða.

Skipulags- og matsvinna

Í skipulagsvinunni verður fjallað um mögulega starfsemi á iðnaðarsvæðinu og gerð frekari grein fyrir eðli og umfangi líklegra umhverfisáhrifa.

Valkostir

Hafa ekki verið skilgreindir að svo stöddu.



Gögn og viðmið

- Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020
- Náttúruverndarskrá, 7.útgáfa
- Náttúruverndaráætlun 2004-2008
- Fornleifaskrá sveitarfélagsins (í vinnslu)

4.5 Rafveita

Forsendur

Sandgerðisbær stefnir á skipulagstímabilinu meðal annars að fjölgun íbúa og uppbyggingu atvinnulífs. Með auknum umsvifum mun orkuþörf sveitarfélagsins aukast. Litið er á svokallað Rockvillesvæði sem mögulega staðsetning fyrir orkufreka starfsemi á sviði hátækniíðnaðar. Einnig er í skipulagsvinnunni skoðaður sá möguleiki að byggja upp atvinnusvæði í nágrenni við Keflavíkurflugvöll og starfsemi á hugsanlegu iðnaðarsvæði sunnan við flugvöllinn. Jafnframt litið á jarðstrengi í Reykjanesbæ og nýjar loftlínur sunnan og vestan við Keflavíkurflugvöll sem raunhæfar leiðir til orkuflutnings.

Möguleg áhrif

Lagning háspennulína hefur mikil sjónræn áhrif, sérstaklega í opnu og víðu landslagi. Þessi áhrif þarf að hafa til hliðsjónar í tengslum við lagningu nýrra loftlína sunnan og vestan við Keflavíkurflugvöll. Lagning jarðstrengja kallar á tiltekið helgunarsvæði og landrask vegna framkvæmda.

Skipulags- og matsvinna

Í skipulagsvinnunni verður fjallað um væntanlega þörf fyrir framkvæmdir í tengslum við raforku- og gagnaflutningskerfi og gert frekar grein fyrir eðli og umfang líklegra umhverfisáhrifa.

Valkostir

Hafa ekki verið skilgreindir að svo stöddu.

Gögn og viðmið

- Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020
- Náttúruverndarskrá, 7.útgáfa
- Náttúruverndaráætlun 2004-2008
- Fornleifaskrá sveitarfélagsins (í vinnslu)

4.6 Fráveita

Forsendur

Núverandi fráveita uppfyllir ekki kröfur reglugerðar (reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ). Unnið er að endurskoðun heildaráætlunar um fráveitu Sandgerðisbæjar.

Möguleg áhrif

Neikvæð áhrif á lífríki fjara, loftgæði og gæði vatns umhverfis útrás í fjöru.

Skipulags- og matsvinna

Móta skýra stefnu með markmiðum og aðgerðum fyrir fráveitu sem uppfyllir nútíma kröfur og hefur nægileg afköst miðað við áætlaða íbúafjölgun og auknið atvinnulíf.

Valkostir

Verða til skoðunar í tengslum við endurskoðun heildaráætlunar um endurbætur fráveitu.

Gögn og viðmið

Gildandi heildaráætlun Sandgerðisbæjar um endurbætur fráveitu, VSÓ, september 1996.



4.7 Akstursípróttir

Forsendur

Akstursípróttir hafa á undanförunum árum notið vaxandi vinsælda en víða hefur gengið erfiðlega að afmarka svæði sem henta í slíka landnotkun. Í skipulagsvinnunni hafa komið fram ábendingar um að akstur vélknúinna ökutækja er stundaður á tilteknum stöðum í Sandgerðisbæ sem hafa ekki verið skilgreindir fyrir slíka notkun s.s. á strandsvæðum sem er á verndarsvæði.

Möguleg áhrif

Neikvæð áhrif á verndargildi strandarinnar vegna rasks og truflun á lífríki.

Skipulags- og matsvinna

Skilgreina aðra kosti fyrir akstursípróttir svo sem að skilgreina svæði eða vísa á nálæg svæði í nágretta sveitarfélagi þar sem slík aðstaða er fyrir hendi. Finna leið til að koma í veg fyrir að verndarsvæði verði fyrir raski vegna akstursípróttar.

Gögn og viðmið

Ljósmyndir,

Gögn um mögulega staðsetningu í sveitarfélaginu eða nágretta sveitarfélögum.

4.8 Vatnsvernd

Forsendur

Gert er ráð fyrir að framtíðar vatnstökusvæði verði utan marka sveitarfélagsins í sameiginlegum vatnsbólum Suðurnesja í Lágum. Stærsti hluti neysluvatns sveitarfélagsins kemur nú þegar úr vatnsbóli í Lágum. Nýting vatnsbóls innan sveitarfélagsins er lítil og unnið er að endurskoðun forsenda fyrir vatnsvernd í sveitarfélaginu.

Áhrif

Verði gamalt vatnsverndarsvæði lagt af skapast nýjar forsendur fyrir landnotkun og umgengni.

Skipulags- og matsvinna

Skilgreina hverjir nýta vatnsból sem er staðsett innan sveitarfélagsins. Fjalla um tímaramma til að leggja af fyrra vatnsverndarsvæði. Skilgreina og fjalla um hvaða þýðingu núverandi vatnsverndarsvæði hefur fyrir nágrettasveitarfélagið Garð.

Valkostir

Ekki til skorðunar.

Gögn og viðmið

Upplýsingar frá Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.

Lög og reglur

4.9 Mannvistarlandslag og fornleifar

Forsendur

Víða í sveitarfélaginu meðfram ströndinni setja sögulegar minjar svip sinn á landslagið. Saga svæðisins og töluvert mikið af sýnilegum leifum gefur sveitarfélaginu sérstöðu. Í skipulagsvinnunni er unnið með þessa sérstöðu og lítið á hana sem auðlind sem veitir tækifæri til móta ímynd sveitarfélagsins. Byggð meðfram ströndinni hefur mótast af umhverfi sínu. Talið er að í þessu landslagi felist möguleikar fyrir ferðamennsku og útivist.

Fornleifaskráning fyrir sveitarfélagið er í vinnslu.

Möguleg áhrif

Víða þarf, við uppbyggingu sveitarfélagsins, að gæta þess að raska ekki minjum án þess að farið hafi fram athugun og tekin ákvörðun um röskun eða verndun minja. Hætta er á raski á mannvistarleifum sem falla ekki formlega undir



vernd fornminjalaga. Einnig þarf við uppbyggingu að gæta þess að varðveita það heildaryfirbragð sem einkennir þetta svæði, bæði í þétt- og dreifbýli

Skipulags- og matsvinna

Landslagsgreining með afmörkun landslagsheilda. Skilgreining landnotkunar og stefnumótun sveitarfélagsins taki mið af sérstöðu sveitarfélagsins varðandi mannvistarlandslag og sögu er undirliggjandi.

Valkostir

Ekki til skoðunar.

Gögn og viðmið

Forleifaskráning (í vinnslu)

Ljósmyndir

5. UMHVERFISÞÆTTIR

Skilgreining áherslna umhverfismats Matslýsingu fylgir gátlisti yfir alla umhverfisþætti (viðauki 1) sem voru til skoðunar við upphaf matsvinnu. Þar koma fram allir umhverfisþættir sem líta þarf til þegar umhverfismat áætlaða er unnið samkvæmt leiðbeiningum frá Skipulagsstofnun.

6. SAMRÁÐ OG KYNNINGAR

Í skipulagsvinnu er lögð áhersla á samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila, sjá Áfangaskýrslu 1. Umhverfismat áætlunarinnar verður kynnt á kynningar- og samráðsfundum. Gert er ráð fyrir að leita samráðs og álits fagstofnana á einstökum málaflokkum, sjá meðfylgjandi gátlista um umhverfisþættir. Samráð og kynningar er ætlað að kynna fyrir íbúum og hagsmunaaðilum skipulagsvinnu og umhverfismats. Gert er ráð fyrir að fram komi ýmsar ábendingar m.a. um áherslur skipulagsvinnu og matsvinnu, valkosti og vægi umhverfisáhrifa.

Auk þess verður haft samráð við Skipulagsstofnun um umhverfismat aðalskipulagsins í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

7. TÍMAFERLI OG ÁFANGAR

Skipulagsvinnu má skipta í 3 megin áfanga:

1. Undirbúningur

Í þessum áfanga fer fram skilgreining forsenda, gagnaöflun, mótun fyrstu hugmynda. Þessum áfanga er lokið með útgáfu 1. Áfangaskýrslu skipulagsvinnunnar.

2. Mótun skipulagstillögu

Í þessum áfanga er unnið að stefnumörkun skipulagsins, mótuð skipulagstillagan, samráð og kynningar, lögð fram matslýsing og unnið að umhverfismati aðalskipulagsins. Gert er ráð fyrir að vinna að þessum áfanga árið 2009.

3. Auglýsingar og samþykkt

Þessi áfangi skipulagsvinnu snýr að auglýsingu skipulagstillögu, kynningu, svörum við ábendingum og athugasemdum. Hluti þessa áfanga er að afgreiða skipulagsáætlunina og fá staðfestingu umhverfisráðherra. Áætlað er að auglýsa skipulagstillögu um mitt ár 2009 og að hún hljóti staðfestingu í lok árs 2009.

